

6. Staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu

Tekin til umræðu staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu í kjölfar þróunarsamnings um sorphirðu við Gámaþjónustu Norðurlands. Sveitarstjóri gerði grein fyrir mögulegri staðsetningu.

Sveitarstjóra falið að vinna að málinu áfram í samræmi við umræður á fundinum.

7. Bréf frá Haraldi Rúnari Sverrissyni

Lagt fram bréf frá Haraldi Rúnari Sverrissyni, dags. 18. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir því að leitað verði leiða af hálfu sveitarfélagsins um úrbætur vegna hávaða- og lyktarmengunar frá starfsemi ÚA á Laugum.

Sveitarstjórn vísar bréfinu til Skipulags- og umhverfisnefndar.

Til kynningar:

- Fundargerð 829. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Fundargerð stjórnar DA og Leigufélags Hvamms
- Fundargerð aðalafundar DA og Leigufélags Hvamms

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25



Eldri borgarar í Þingeyjarsveit

Hautferð F.E B.Þ.

Verður farin 7. september nk.

Eins dags ferð um Norður Þingeyjarsýslu.

Áætlun :

- Gljúfrastofa kl. 11:00.
- Kópasker u.þ.b. Kl. 13:00, þar verður súpa, brauð og kaffi á kr 1290.-
- Skjálftasetrið skoðað og fleira.
- Ekið um Melrakkasléttu undir leiðsögn Guðrúnar Sig.
- Norðurheimskautsgerði á Raufarhöfn skoðað og e.t.v. fleira.
- Ekið í Skúlagarð þar sem bíður okkar kvöldverður, lambasteik, kaffi og te á kr 3900.-

Rúta greidd af félaginu.

Þeir sem ætla að fara látið vita sem fyrst í síma

464 3115 Guðrún
464 3555 Guðmundur
898 8305 Sigurður

Nánari tímasetning um brottför
auglýst í Hlaupastelpunni 3.ja september.

Hlaupastelpan

Kemur út á fimmtudögum.

Efni skal skila inn fyrir kl. 15:00 á þriðjudögum

Bjóðum upp á : Hálf síðu kr 2900
Heilsíðu kr. 3990

hlaupastelpan@isl.is: 8953386



3. Erindisbréf verkefnisstjóra mótvægisáðgerða

Lagt fram erindisbréf verkefnisstjóra mótvægisáðgerða vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla.

Ragnar Bjarnason bar upp hugsanlegt vanhæfi sitt við afgreiðslu þessa liðar en fulltrúar sveitarstjórnar töldu svo ekki vera. Erindisbréfið samþykkt samhljóða.

4. Þingey í Skjálfandafljóti

Á síðasta fundi Héraðsnefndar Þingeyinga var eftirfarandi bókað vegna Þingeyjarverkefnisins:

„Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að framlag hafi fengist frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til hönnunar- og skipulagsvinnu í Þingey skv. umsókn að upphæð kr. 1.577.000. Jafnframt gerði hann grein fyrir því að hann hefði þegar rætt málið við forstöðumann Minjastofnunar Íslands, Dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur, en stofnunin hefur umsjón með eygni á grundvelli friðlýsingar hennar.“

Í framhaldinu kynnti framkvæmdastjóri HNP þá hugmynd að skipaður verði verkefnishópur með aðild Minjastofnunar, Þingeyjarveitar, Urðarbrunnis og sameigenda að eygni, ásamt fulltrúa HNP, til að stýra vinnunni.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Ásvald Ævar Þormóðsson í verkefnishópinn sem fulltrúa Þingeyjarveitar.

5. Samstarfssamningur um almannavarnir

Lagður fram til afgreiðslu samstarfssamningur um almannavarnir sem unninn hefur verið á vettvangi HNP, m.a. í samstarfi við lögreglustjórn á Norðurlandi eystra.

Samningnum er ætlað að koma í stað gildandi samstarfssamnings sem mun vera frá árinu 2008. Meginbreytingin felst í því að gera almannavarnarnefndina virkari sem stjórnsýslulegan vettvang samstarfsins með því að framkvæmdastjórar sveitarfélaganna eigi þar sæti. Þá er gert ráð fyrir skipan sérstaks framkvæmdaráðs sem starfi í umboði nefndarinnar að fagmálum málaflokksins innan fjárhags- og starfsáætlana hverju sinni.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samstarfssamning um almannavarnir og felur sveitarstjóra að skrifa undir hann.



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
20.08.2015**

**175. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 20. ágúst kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson,
Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 7. lið; Bréf
frá Haraldi Rúnari Sverrissyni.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundaráætlun sveitarstjórnar
2. Viðtalstímar kjörinna fulltrúa
3. Erindisbréf verkefnisstjóra mótvægisáðgerða
4. Þingey í Skjálfandafljóti
5. Samstarfssamningur um almannavarnir
6. Staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu
7. Bréf frá Haraldi Rúnari Sverrissyni

1. Fundaráætlun sveitarstjórnar

Tekin til umræðu fundaráætlun sveitarstjórnar, fjöldi funda til áramóta
eru níu talsins. Áætlað er að hafa síðasta fund fyrir áramót þann
10. desember og fyrsta fund á nýju ári þann 14. janúar.

Samþykkt samhljóða.

2. Viðtalstímar kjörinna fulltrúa

Viðtalstímar kjörinna fulltrúa teknir til umræðu, viðtalstímar verða
tveir fyrir áramót.

*Samþykkt að fyrri viðtalstíminn verði þann 29. október í
Stórutjarnaskóla og seinni viðtalstíminn verði 12. nóvember í
félagsheimilinu á Breiðumýri.*



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 22:00
Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar

sími 464 3903
www.heidarbaer.is

Frá 1 sept. Verður sundlaug og grill opið kl 16:00 – 21:00

VÖRUMÓTTAKA

HJÁ GOÐAFOSSMARKAÐI EHF

VERÐUR FIMMTUDAGINN 3. SEPTEMBER NÆSTKOMANDI

FRÁ 18:00-21:00

HAFIÐ Í HUGA AÐ ÞETTA ER SÍÐASTA VÖRUMÓTTAKAN Í BILI,
NÆSTA VERÐUR LÍKLEGA UPP ÚR MÁNAÐARMÓTUM
SEPTEMBER OG OKTÓBER
HÚN VERÐUR NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR.

GÆÐANEFNDIN OG HJÖRDÍS



Við erum bjartsýn á Hótel Laxá!

Hótel Laxá óskar eftir íbúðarhúsnæði til leigu fyrir
hótelstjóra sem fyrst, í Mývatnssveit eða í
nágrannabyggðum. Vinsamlegast hafið samband við
Margréti hótelstjóra í síma 864 5890 eða 464 1900 eða
sendið tölvupóst á margret@hotellaxa.is

34.tbl.
27. ágúst
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Síðsumarsfagnaður á Lamb Inn

„Í ágúst að áliðnum slætti“

Í sumarlok bjóðum við upp á hlaðborð laugardagskvöldið 29.
ágúst með öllu því vinsælasta af matseðli sumarsins;

Lambalærið okkar sem hefur slegið í gegn, lambaskankar, nautasteik,
bleikja, þorskur á austurlandabeði, plökkfiskur, reyktur silungur og
tvíreykt hangikjöt með fjölbreyttu meðlæti m.a. rauðkállinu okkar og
fersku salati beint úr garðinum. Tertuhlaðborð og kaffi á eftir.

Húsið opnar
kl. 18.30
Verð KR 4.400
á manninn

Bjarni Guðmundsson rithöfundur og trúbador
frá Hvanneyri mun sjá um að engum leiðist.

Borðapantanir í síma 463 1500 eða á lambinn@lambinn.is.

Tilboð
á gistingu:
Tveggja manna
herbergi með
morgunverði
KR 14.800,-

lamb inn

H.M.H og Goðafossmarkaður ehf

Við viljum minna á að nú styttest í
framhaldsaðalfund Goðafossmarkaðar
og haustfund H.M.H við viljum
minna konur á að mæta vel

Tímasetning auglýst síðar